

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar vegna breytinga á ÍB9, Teiga- og Klapparhverfi.

Skipulagsstofnun staðfesti 1. apríl 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034, samþykkt var í bæjarstjórn 8. janúar 2025.

Í breytingunni felst að gerð er breyting á skilmálum fyrir ÍB9 í Teiga- og Klapparhverfi, þar sem heimilt verður byggja fjölbýlishús auk einbýlis- og parhúsa. Fjöldi íbúða er óbreyttur, eða alls 390 íbúðir á svæðinu.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 1. apríl 2025.*

**Ólafur Árnason.**

---

B deild - Útgáfudagur: 16. apríl 2025

**VIDAUKI 1**